

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024,
Sundahöfn, Reykjavík.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. maí 2009 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að 9 ha svæði skilgreint sem innri höfn við Vatnagarða í Sundahöfn breytist í hafnar- og athafnasvæði. Gert er ráð fyrir 9 ha landfyllingu og lengingu Skarfabakka til austurs að Kleppsbakka. Skarfabakki lengist um 500 metra við þessar breytingar en lokað verður fyrir núverandi viðlegu við Kornbakka, Sundbakka og innri hluta Kleppsbakka.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 8. maí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2009